

Samgönguáætlun mál nr. 434 og 435.

Eftirfarandi er umsögn Djúpavogshrepps um drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024. Djúpavogshreppur áréttar mikilvægi þess að fyrirliggjandi umsóknir um framlag vegna hafnarframkvæmda í Djúpavogshöfn í tengslum við stóraukin umsvif vegna fiskeldis verði fundinn staður innan fimm ára aðgerðaáætlunar 2020-2024.

Umsvif í Djúpavogshöfn hafa aukist mikið undanfarin ár og horfur eru á að umferð vegna fiskeldis sérstaklega, sæbjúgnaveiða og skemmtiferðaskipa eigi eftir að aukast umtalsvert. Þetta kallar á endurnýjun á stálpili á viðlegukanti sem víða er orðinn mjög lélegur og þarfnast endurnýjunar. Bryggjukantur og þekja þarfnast einnig verulegra endurbóta.

Gert er ráð fyrir að komið verði upp sameiginlegri aðstöðu fyrir slátrun á eldisfiski í Innri Gleðivík sem myndi þjóna öllum Austfjörðum. Viljayfirlýsing þess efnis hefur verið undirrituð og viðræður um framtíðaruppbyggingu sláturhúss á Djúpavogi eru í farvatninu. Framkvæmdir við fyrirhugaðan skjólgarð þar er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnuuppbyggingu á Djúpavogi sem hefur orðið fyrir verulegum áföllum undanfarin ár tengt sjávarútvegi s.s. þegar 90% aflaheimilda voru fluttar annað 2014.